

**23**  
28. febr.

En er kemur til máls um lán handa sveitarfjelögum, verður rjettast að ætla ráðgjafanum að skera úr, hvort veita megi slík lán, sem ekki er farandi fram á, nema eitt-hvad sjerlegt mæli með því; því að þess konar lán er vanalega ætlast til að standi svo eðimörgum árum skipti og að borga megi í smám skömmtum; verður innstæðan þá föst um langan tíma.

**24**  
28. febr.

— *Brjef* konungsráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skilning á launa-lögunum 15. okt. 1875, m. m. — Í þóknanlegu brjefi 30. nóv. f. á. hafð þjer, herra landshöfðingi, til stuðnings skilningi þeim, er þjer leggið í 3. lið 7. greinar í lög-um 15. okt. f. á. um laun íslenzkra embættismanna, vísað til umræðanna á alþingi um þetta mál, og virðist yður þær bera með sjer, að alþingi hafi skilið nefnda reglu á sömu leið og þjer, þannig, að þá er lögin öðluðust gildi, skyldi hverjum embættismanni fyrir sig í sjálfs vald sett, hvort hann vildi heldur þiggja laun sín eptirleiðis samkvæmt launaregl-um þeim, er staðið hafa að undanförunu, eða eptir lögunum, Teljið þjer þá hafa verið tilætlun alþingis með reglu þeirri, er hjer er umtalsefni, að lögin gjörði launahagi em-bættismanna þeirra, er nú eru í embættum, hvorki betri nje lakari en þeirra, er í em-bættin kæmu eptir að lögin öðluðust gildi. Þar sem alþingi hefir í 14. grein nefndra laga lækkað þóknun þá fyrir skrifstofuhald, er lögð hefir verið amtmönnunum að undan-förunu, hafð þjer enn fremur haldið, að ráða mætti á umræðunum, að alþingi hafi ætlatzt til, að þessi lækkun kæmi ekki fram við amtmenn þá, sem nú eru, samkvæmt því sem fyrir er mælt í 1. lið 7. greinar í lögunum; en sjálfur eruð þjer á þeirri skodun, að þess-ari reglu verði ekki beitt að því, er snertir skrifstofufjeð. Jafnframt þessu hafð þjer með brjefi 2. desember f. á. sent hingað bænarskjal frá amtmanninum yfir suður- og vestur-umdæminu um, að skrifstofufje það, er honum hefir lagt verið að undanförunu, verði einnig ávísad honum eptir 1. janúar þ. á., þrátt fyrir það, þótt lögin hafi þokað því niður.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbein-ingar og birtingar fyrir hlutadeigöndum, að þótt svo væri, að í umræðum alþingis hefði brugðið fyrir orði, þar sem lögð er í 3. lið 7. greinar sú tilætlun, er áður er á vikið, verður ráðgjafinn þó að vera á því, að orðin í lögunum þýðist eigi slíkan skilning á reglu þeirri, er hjer ræðir um. Ráðgjafinn hlýtur því enn sem fyr að vera fastur á þeirri út-skýringu, er hann ljet uppi í brjefi 8. nóvbr. f. á., og hyggur hana eina komið geta heim við orð og ummæli laganna. Eptir því á að greiða laun embættismanna um fjárhagstíma-bilið 1876 og 1877 samkvæmt yfirliti því (til leiðbeiningar) við fjárgreiðslur, er snerta 10.—13. grein fjárlaganna, er fylgir þessu brjefi, og kemur í stað bráðabirgðaryfirlits þess, er sent var með frammannefndu brjefi ráðgjafans.

En er kemur til lækkunar þeirrar á skrifstofufje amtmannanna, er gjörð hefir verið með 14. grein laganna, verður ráðgjafinn að vera yður samdóma um, að 1. lið 7. greinar verði eigi komið þar við, á þá leið, að lækkunin komi eigi fram við amtmennina, sem nú eru. En með því að sjá má á umræðum þingsins, að sú hefir verið tilætlun þess, hikar ráðgjafinn sjer ekki við að láta greiða amtmönnunum um fjárhagstíma þann, er nú er að liða, sama skrifstofufje, og þeim var áður lagt, í þeirri von, að þingið veiti fje það, er til þess þarf, með viðbæti við fjárlögin um árin 1876 og 1877; og um fjárhags-tímabilin þar á eptir mun verða farið fram á, að fje þetta verði veitt í fjárlögunum.

Útaf fyrirspurn yðar í brjefi 1. desbr. f. á. um það, hvort eigi skuli eptirleiðis greiða úr landssjóði styrk þann, er lagður er settum læknum með allrahæztum úrskurði 10. maí

1867,<sup>1</sup> og hvort læknaþessir eigi þá ekki eptir 4. grein launalaganna heimtingu á að fá embættislaun þau, sem ætluð eru hinum nýstofnuðu læknaembættum í lögum 15. okt. f. á., 24  
28. febr.  
skal eigi undan fellt að geta þess nú um leið, að með því að lækna sjóðurinn samkvæmt áður nefndu brjefi ráðgjafans 8. nóvbr. f. á. verður enn látinn halda sjer sem sjóður út af fyrir sig um fjárhagstímabilið 1876 og 1877, skal um þann tíma greiða nefndar launaþóknar af eignum sjóðsins, og að hluteigandi lækna geti ekki farið fram á það, sem þjer bendið á, með því að 4. grein launalaganna verður eigi beitt við þá, sem eru settir samkvæmt reglum þeim, er stóðu, áður en launalögin öðluðust gildi.

	1876		1877		Sam- tals.
	8.—13. grein í launalög- unum.	Víðbót fyrir sjálf- an hann eptir 1. og 3. lið í 7. gr. launal.	8.—13. grein í launa- lögnum.	Víðbót fyrir sjálf- an hann eptir 1. og 3. lið 7. gr. launal.	
<b>10. grein A í fjárlögnum.</b>					
Amtmaðurinn yfir suður- og vesturumdæminu (Embættisaldur hans er talinn frá 10. ágúst 1866, 31. desbr. 1875 hafði hann í laun 5100 kr. og hefði eptir hinum eldri reglum fengið 6200 kr. 1. sept. 1876).	6000.00	66.66	6000.00	200.00	12266.66
Amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu . . . . .	6000.00		6000.00		12000.00
Landfógetinn á Íslandi (veitt embættið 18. febr. 1861, hafði 31. desbr. 1875 4300 kr., átti að fá 4700 kr. 1. marz 1876).	4000.00	633.33	4000.00	700.00	9333.33
Ritarinn við landshöfðingjaembættið, eins og í fjárlagafrumvarpinu . . . . .					3750.00
					37350.00
<b>10. grein B 1.</b>					
Forstjóri í landsyfrrjettinum (veitt embættið 31. marz 1856; 31. desbr. 1875: 5632 kr., 1. apr. 1876: 6032 kr.).	5800.00	174.00	5800.00	232.00	12006.00
1. meðdómandi (veitt embættið 16. maí 1850, 31. desbr. 1875: 4432 kr.). . . . .	4000.00	432.00	4000.00	432.00	8864.00
2. meðdómandi (veitt emb. 13. apr. 1871). . . . .	4000.00		4000.00		8000.00
Bæjarfógetinn í Reykjavík, bæjarfógetinn á Akureyri, bæjarfógetinn á Ísafirði, sýslumaðurinn á Vestmannaeyjum og 2 lögregluþjónar í Reykjavík, eins og í fjárlagafrumvarpinu . . . . .					5488.00
					34358.00
<b>12. grein 1.</b>					
Póstmeistarinn í Reykjavík . . . . .	1700.00		1700.00		3400.00
Póstafgreiðslumenn og brjefhirdingarmenn, eins og í fjárlagafrumvarpinu . . . . .					3600.00
					1700.00

1) Sjá auglýsingu dómismálastjórnarinnar frá 31. s.m. í „Tíðindum um stjórnamálefni“, II bls. 432.



	1876		1877		Sam- tals.
	Laun eptir lög- um um stofnun lækna- skóla í Reykja- vík, um aðra skip- un á læk- ahjeruð- um m. fl. 3. grein.	Launa- viðbót fyrir sjálf- an hann eptir 1. lið 7. gr. í launal.	Laun eptir lög- um um stofnun lækna- skóla í Reykja- vík um aðra skip- un á læk- ahjeruð- um m. fl. 3. grein.	Launa- viðbót fyrir sjálf- an hann eptir 1. lið 7. gr. í launal.	
<b>11. grein 1.</b>					
Landlæknirinn á Íslandi, einnig forstöðu- maður lækna-skólans í Reykjavík (skipaður 21. febr. 1876). . . . .	4588.66		4800.00		9388.66
Læknirinn í 1. læknishjæraði (skip. 21. febr. 1876). . . . .	1583.33		1900.00		3483.33
— í eystra hjæraði suðuramtsins (31. desbr. 1875: 1468 kr. + embættisjörð).	1500.00		1500.00		3000.00
— á Vestmannaeyjum (31. desbr. 1875: 1996 kr.). . . . .	1500.00	496.00	1500.00	496.00	3992.00
— í syðra hjæraði vesturamtsins (31. desbr. 1875: 1986 kr.). . . . .	1900.00	86.00	1900.00	86.00	3972.00
— í nyrðra hjæraði vesturamtsins (31. desbr. 1875: 2216 kr.). . . . .	1900.00	316.00	1900.00	316.00	4432.00
— í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum (31. desbr. 1875: 1928 kr.). . . . .	1900.00	28.00	1900.00	28.00	3856.00
— í eystra hjæraði norður- og austur- amtsins (31. desbr. 1875: 1464 kr. + embættisjörð). . . . .	1900.00		1900.00		3800.00
Yfirsetukonurnar, eptir fjárlagafrumvarpinu					896.00
					<u>36819.99</u>

*Skrifstofufje m. m.*

## 10. grein A 2.

Handa amtmanninum í suður- og vesturumdæminu um árið . . . . .	1600 kr.
— — — — — í norður- og austurumdæminu . . . . .	1200 —
— landfógetanum . . . . .	1000 —
Þóknun handa þessum embættismanni vegna mistalningar á póstávísunum, eptir fjárlagafrumvarpinu . . . . .	200 —
	<u>4000 —</u>

## 12. grein 2.

Handa póstmeistarannum um árið . . . . .	600 —
Dagpeningar handa honum á ferðum m. m. . . . .	200 —

## 12. grein 4.

Þóknun handa sama embættismanni vegna mistalningar á póstávísunum m. m. . . . .	200 —
	<u>1000 —</u>

**24**

28. febr. Handa biskupinum . . . . . 1000 —

**25**

4. marz.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um styrk handa búnaðarfjelagi.* — Búnaðarfjelað suðuramtsins hefir 7. f. m. sent hingað beiðni um, að það megi fá til umráða 850 kr. af þeim 2400 kr., sem með 10. grein fjárhagslaganna fyrir 1876—77 frá 15. okt. f. á. eru veittar fyrir yfirstandandi ár til eflingar landbúnaði, og ætlast fjelagið til að verja hinni umbednu upphæð, sem hjer segir:

1. Til launa handa búfræðingi Sveini Sveinssyni auk þeirra 200 kr., sem hið kgl. danska landbústjórnarfjelað hefir hingað til veitt, og búizt er við að enn verði veittar 600 kr.
  2. Til eflingar vatnsveitingum . . . . . 200 —
  3. Til ýmsra útgjalda, er af þessum báðum ráðstöfunum leiða . . . . . 50 —
- þess utan hefir fjelagið beiðni um, að sjer yrði veittar 200 kr. af þeim 10,000 krónum, sem veittar eru í 15. gr. fjárlaganna, til að kaupa fyrir mjólkuráhöld og 300 kr. til að undirbúa nautgripasýningu með verðlaunum. Eptir að jeg nú í brjefi frá 1. þ. m. hef meðtekið ummæli herra amtmannsins um beiðni þessa, skal jeg til þóknanlegrar birtingar fyrir tjeðu fjelagi tjá yður það, er hjer greinir:

Þar eð það, sem hið kgl. danska landbúnaðarfjelað hefir skotið til launa búfræðings Sveins Sveinssonar, að undanförunu hefir verið veitt með því skilyrði, að hlutaðeigandi amt hjer á landi sjálft legði fram jafnmikið fje, og þar eð það virðist eiga vel við í sjálfu sjer, að þess konar styrkur af landssjóði sje því skilyrði bundinn, að þeir sem næstir standa til hagsmuna af honum, leggi sjálfir altjend nokkuð fje til haps, hefi jeg af fje því, sem ætlað er í 10. gr. fjárhagslaganna til eflingar landbúnaði veitt fyrst um sinn

1. sem tillag til launa Sveins búfræðings Sveinssonar fyrir yfirstandandi ár . . . . . 400 kr.
  2. til eflingar vatnsveitingum í suðuramtinu . . . . . 200 —
  3. til að útvega mjólkuráhöld . . . . . 200 —
- alls 800 —

og ávísað þessari upphæð úr jarðabókarsjóðnum til búnaðarfjelags suðuramtsins, og bið jeg því fengna hjálagða ávísun.

Hvort ástæða væri til að greiða tillag nokkurt af landssjóði til að koma fram gripasýningum verður undir því komið, hvornig menn hugsa sjer slíkri sýningu fyrir komið, og í annan stað, hvort þeir leggja nokkurt fje fram, sem næstir standa til að hafa hag af henni, en um þessi atriði hefir hin fyrirliggjandi beiðni engar skýringar að færa.

Að svo miklu leyti, sem suðuramtinu gæti hlotnast ítarlegri hlutdeild en ofan nefndar 800 kr., í þeim 2400 kr., sem 10 gr. fjárlaganna veitir til eflingar landbúnaðinum, má um það vænta nánari úrlausnar einhverntíma á árinu.

**26**

24. marz

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um gufuskipssferðir kring um landið.* — Innanriksstjórnin hefir í brjefi frá 29. f. m. skýrt mjer frá að nú líti út fyrir að pósgufuskipssferðirnar milli Kaupmannahafnar og Íslands þegar að sumri verði auknar svo, að gufuskipið «Diana» fari eptirleiðis 3 ferðir á ári milli Kaupmannahafnar og strandanna á Íslandi; en gufuskip eitt er hið sameinaða gufuskipsfjelað í Kaupmannahöfn á, taki að sjer sjö árlegu ferðirnar milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, sem «Diana» hingað til hefir farið.